

ÁRSFUNDUR LÍFEYRISSJÓÐS VERSLUNARMANNA

27. MARS 2012

RÆÐA HELGA MAGNÚSSONAR, FORMANNS

Ágætu sjóðsfélagar!

Tíminn frá síðasta ársfundi LV fyrir einu ári hefur verið viðburðaríkur í málefnum sjóðsins og lífeyrissjóðanna í landinu. Rekstrarumhverfið er flókið og háð hömlum, eins og gjaldeyrishöftum. Þjóðfélagið er smám saman að jafna sig eftir efnahagshrunið haustið 2008 – en þó miðar allt of hægt í þeim efnum vegna skorts á samstöðu um leiðir til að efla undirstöður hagkerfisins til að draga úr atvinnuleysi, bæta lífskjör þjóðarinnar og efla hag fyrirtækja.

Aðstæður í þjóðfélaginu hafa að sjálfsögðu mikil áhrif á ávöxtun lífeyrissjóða enda starfa þeir innan þess ramma sem okkur er markaður hér á Íslandi. Gjalddeyrishöft hamla því að sjóðirnir geti dreift áhættu með því að fara með hluta af ráðstöfunarfé sínu á erlenda markaði eins og tíðkaðist fyrir hrun og reyndist happadrjúgt þegar áföll dundu hér yfir, krónan féll og innlendar eignir misstu verðgildi. Þá var gott að hafa dreift áhættu þannig að ekki var einungis treyst á þetta örsmáa hagkerfi sem við Íslendingar lifum í.

Þrátt fyrir erfiðar aðstæður hér á landi teljum við að árangur Lífeyrissjóðs verslunarmanna á árinu 2011 sé góður og hljóti að teljast varnarsigur í því umhverfi sem okkur er skapað. Árangurinn gefur okkur tækifæri til að horfa fram á vegin af nokkurri bjartsýni.

Ég mun hér á eftir víkja að helstu niðurstöðum ársins en framkvæmdastjóri fer í ræðu sinni mun ítarlegar yfir ársreikning sjóðsins og einstaka þætti í ávöxtun og rekstri hans.

Þá mun ég fjalla um skýrslu úttektarnefndar Landssamtaka lífeyrissjóða sem kom út þann 3. febrúar sl. og einnig álit ráðgjafanefndar VR um skýrslu LL.

Að lokum mun ég víkja að nokkrum áleitnum málum og gera tilraun til að meta horfur framundan.

VARNARSIGUR

Hrein raunávöxtun LV á árinu 2011 var 2,8% og hrein nafnávöxtun nam 8,2%. Þetta hlýtur að teljast góður árangur miðað við þær þröngu aðstæður sem lífeyrissjóðum á Íslandi eru búnar um þessar mundir. Þetta er fyrir neðan þá viðmiðun sem lífeyrissjóðum er sett til lengri tíma litið, þ.e. 3,5% raunávöxtun. Efni standa til að umrædd viðmiðun geti náðst í framtíðinni ef vel verður á málum haldið og fjárfestingartækifærum á Íslandi fjölgar eins og sífellt er bent á, ef hlutabréfamarkaðurinn eflist til muna, ef tekst að rýmka verulega um gjaldeyrishöftin og ef engin frekari stóráföll dynja yfir hér á landi eða í heiminum kringum okkur. Allt þetta ætti að geta gengið okkur í hag – en engu er unnt að lofa í þeim óvissa heimi sem við lifum nú í.

En eitt er víst: Stjórn og starfsmenn LV munu gera allt sem þeim er frekast unnt til að tryggja sem öruggastan rekstur sjóðsins og sem besta raunávöxtun á lífeyrissparnaði okkar sjóðsfélaganna.

Heildareignir LV í árslok 2011 námu 345 milljörðum króna og höfðu aukist um 11% frá árinu á undan. Í árslok 2008 eftir hrunið var stærð sjóðsins 249 milljarðar króna og hefur frá þeim tíma vaxið um nær 100 milljarða eða um 39% í nafnkrónum talið. Sjóðurinn hefur því náð fyrri styrk og það sem varðar mestu fyrir okkur sjóðsfélagana er það að tryggingarfræðileg staða hans er góð, lítill halli og langt innan þeirra marka sem lög leyfa. Það þarf því ekki að skerða lífeyrisgreiðslur sjóðsfélaga en þær hafa einungis verið skertar einu sinni í 56 ára sögu sjóðsins eins og kunnugt er, um 10% árið 2010 en höfðu verið auknar um 24% árin þar á undan.

Virkir sjóðsfélagar voru 33 þúsund árið 2011 og hafði fjölgað um 1,5% milli ára. Fjöldi sjóðsfélaga hefur haldist svipaður síðustu 5 árin þrátt fyrir áföll, atvinnuleysi og brottflutning fólks af landinu. Lífeyrisþegar voru meira en 10 þúsund hjá sjóðnum á árinu og þeir sem eiga einhvern rétt hjá LV telja um 130.000 en þeir eiga allir rétt til setu á þessum ársfundi hér í dag.

Góðir fundarmenn!

Landssamtök lífeyrissjóða samþykktu þann 24. júní 2010 að fara þess á leit við ríkissáttasemjara að hann skipaði nefnd til að gera úttekt á málefnum lífeyrissjóðanna í tengslum við efnahagshrunið sem varð hér haustið 2008. Leitað var til þessa embættis til að tryggja að nefndin yrði einungis skipuð fólki sem hefði yfir fagþekkingu að ráða og tengdist ekki hagsmunum lífeyrissjóðanna þannig að trúverðugleiki starfa hennar yrði tryggður. Ríkissáttasemjari varð við þessu og

skipaði nefnd sem vann umrætt verkefni. Nefndin birti skýrslu sína í byrjun febrúar á þessu ári.

NEFND LANDSSAMTAK LÍFEYRISSJÓÐA

Óhætt er að segja að nefnd þessi hafi dregið samann mikinn fróðleik um íslenska lífeyrissjóði við efnahagshrunið árið 2008. Eitt helsta viðfangsefni hennar var að leggja mat á tjón íslenskra lífeyrissjóða af hruninu. Ítrekað hafði komið fram í umfjöllun á vettvangi lífeyrissjóðanna að tjónið hafi numið á bilinu 350 til 400 milljörðum króna eða um 20% af heildareignum þeirra við hrun.

Í umfjöllun sinni þótti nefndinni – einhverra hluta vegna sem engin skýring hefur fengist á – betra að reyna að hafa þessa tjónstölu hærrí og valdi því að hefja mælingar á tjóninu frá ársbyrjun 2008 en ekki frá byrjun október 2008 þegar hrunið á Íslandi varð, eins og flestum ætti að vera kunnugt um. Þetta er villandi og óskiljanlegt að nefndin hafi fundið hjá sér þörf til að gera þessa mynd dekkri en efni stóðu til.

Tjón lífeyrissjóðanna af hruninu nam 380 milljörðum króna, sem var um 1/5 af heildareignum þeirra á þeim tíma. Það var mikið högg og sárt fyrir okkur sjóðsfélagana. Þess vegna er óskiljanlegt að nefndin hafi valið að færa hrunið til 1. janúar árið 2008 og koma með þá niðurstöðu að „tapið“, eins og þeir velja að kalla það, hafi verið 480 milljarðar króna.

Þetta skiptir máli vegna þess að það er engin þörf á að sverta dökka mynd með þessu hætti. Þessari nefnd var ekki falið annað en setja

staðreyndir fram með réttum hætti. Það fól henni enginn að endurskilgreina hrunsdaginn í byrjun október. Um hann hefur ekki verið deilt til þessa en nefndin færði hann fram til 1. janúar 2008 án skýringa eða rökstuðnings. Á árinu 2008 var öll verðþróun á mörkuðum niður á við, jafnt á Íslandi og um allan heim. Gengi hlutabréfa lækkaði og olli auðvitað verðryrnun á eignum lífeyrissjóðanna. En hrunið varð í byrjun október og afleiðingar þess verða einungis með réttu mældar frá þeim tíma. Það hafði verið gert og þannig höfðu verið birtar réttar fjárhæðir um áhrif hrunsins, þ.e. á bilinu 350 til 400 milljarðar. Þess vegna unum við illa þegar gefnar eru út aðrar og hærri tölur með einkennilegum tilfærslum af þessu tagi.

Á ársfundum LV höfum við gert grein fyrir áhrifum hrunsins og skýrt frá því að þau hafi numið um 50 milljörðum króna eða um 1/5 af eignum sjóðsins eins og þær voru við hrun. Nefndin gaf út hærri tölu og talaði um 80 milljarða króna af ástæðum sem fyrr eru nefndar. Þessu mótmælti LV strax með fréttatilkynningum og upplýsingum sem birst hafa á heimasíðu sjóðsins enda sættum við okkur ekki við það að verið sé að afflytja staðreyndir með þessum hætti og gefa til kynna að sjóðurinn hafi ekki skýrt sjóðfélögum rétt frá áhrifum hrunsins, m.a. á ársfundum og með öðrum hætti.

Áhrif hrunsins eru alveg ljós hjá sjóðnum nema hvað varðar átök við tvo af stóru bönkunum um uppgjör á framvirkum samningum. Áætlað tjón af þeim samningum var fært í ársreikning sjóðsins strax árið 2008 og hefur verið vaxtareiknað síðan. Ágreiningur er um uppgjör þessara samninga og nú stefnir í málaferli vegna þeirra þar sem þrotabú bankanna munu sækja að lífeyrissjóðnum og hann mun sækja að þeim af fullri einurð á móti. Við höfum þegar falið tveimur hæstaréttarlögmonnum málarekstur fyrir okkar hönd, álit enn fleiri

Lögmannanna liggja fyrir og þau vekja með okkur bjartsýni. Frá þessu hefur verið skýrt opinberlega með fréttatilkynningu sem LV birti þann 24. febrúar sl. og er öllum aðgengileg á vef sjóðsins.

Við teljum því enga ástæðu til að ætla að frekara tjón hljótist af efnahagshruninu umfram það sem tilgreint hefur verið.

Að missa fimmtung eigna er mikið áfall. Við gerum ekki lítið úr því en við sættum okkur ekki við það að reynt sé að gera meira úr tjóninu en raunverulega varð.

FENGU HÖGG – HINIR HRUNDU

Það er einnig óhjákvæmilegt að setja tjón lífeyrissjóðanna í samhengi við annað. Hvað varð um aðrar fjármálastofnanir á Íslandi við hrun? Þær hrundu flestar til grunna. Stóru bankarnir urðu gjaldþrota, sparisjóðakerfið fór að stórum hluta sömu leið, einnig margar af smærri bankastofnunum og váttryggingarstarfsemin féll að miklu leyti. Já, sjálfur Seðlabankinn varð nánast gjaldþrota. Lífeyrissjóðirnir misstu 20% af eignum sínum – sem var auðvitað mjög sárt – en 80% af eignum þeirra stóðu eftir í dreifðum eignasöfnum innanlands og erlendis. Og þeir eru óðum að ná fyrri styrk. Við skulum vera þakklát fyrir það!

Það skiptir einnig máli að setja áföll okkar Íslendinga í alþjóðlegt samhengi. Umræðan hér á landi er stundum þannig að ætla mætti að enginn hafi orðið fyrir neinu nema við Íslendingar og að lífeyrissjóðir hafi hvergi orðið fyrir hnjaski nema hér á landi. En það varð

efnahagskreppa um allan heim en áföllin urðu enn alvarlegri hér á landi og í því samhengi verðum við að meta áföll okkar.

Ég fjallaði um þennan samanburð Íslands við umheiminn í blaðagrein þann 8. febrúar sl. þar sem ég vék að niðurstöðum úttektarskýrslunnar. Þar sagði m.a.:

„Það má ekki gleymast að á Íslandi varð bankahrún. Um allan hinn vestræna heim varð fjármálakreppa. Trúlega sú versta frá hruninu mikla árið 1929. Það þarf því enginn að búast við því að lífeyrissjóðir komist gegnum slíka atburði án þess að verða fyrir alvarlegum skakkaföllum. Á Íslandi varð hrun banka og fjölda fyrirtækja en annars staðar á Vesturlöndum urðu bankar og atvinnulíf fyrir höggum í kreppunni en ekki hruni eins og hér varð. Í ljósi þess er það athyglisvert að tjón íslensku lífeyrissjóðanna skyldi ekki verða meira en varð að meðaltali innan OECD.

Í skýrslu sem Capacent ráðgjöf gerði fyrir Lífeyrissjóð verslunarmanna árið 2009 kemur m.a. fram að meðalávöxtun lífeyrissjóða í OECD-ríkjunum hafi verið neikvæð um 23% á árinu 2008 sem er svipuð fjárhæð og tjón íslensku lífeyrissjóðanna varð af hruninu. Fram kemur í skýrslunni að gengi lífeyrissjóða í heiminum hafi verið ákaflega slæmt árið 2008 og það versta í sögu þeirra flestra. M.a. kemur fram að eftirlaunasjóður norska ríkisins hafi tapað 27,8% eigna og erlenda deildin, norski olíusjóðurinn, hafi tapað 23,3% af nafnvirði. Þessir sjóðir voru þó allir með eignasöfn sín í löndum sem þurftu ekki að horfast í augu við bankahrún eins og við Íslendingar.

Þegar horft er á tilfinnanlegt tjón íslensku lífeyrissjóðanna af hruninu, sem nam rúmum 20% af eignum þeirra, er óhjákvæmilegt að setja þessar tölur í alþjóðlegt samhengi. Við megum ekki láta eins og áföllin

hafi einungis orðið á Íslandi – alþjóðleg kreppa gekk yfir og afleiðingar hennar bitnuðu á Íslandi af enn meiri þunga vegna bankahrunsins sem átti sér margháttaðar orsakir, m.a. í kerfi sem hafið vaxið samfélagi okkar yfir höfuð.“

RAUNÁVÖXTUN 6.5% Á ÁRI Í 29 ÁR

Uppistaðan í því mikla tjóni sem lífeyrissjóðir urðu fyrir liggur í tapi af hlutabréfum í fyrirtækjum sem ýmist féllu eða rýrnuðu verulega að verðgildi. Vegna þess er stundum látið að því liggja að fjárfestingar í hlutabréfum séu glannalegar og óábyrgar. Ástæða er til að mótmæla viðhorfum af því tagi. Ljóst er að vanda þarf til allra fjárfestinga og ekki síst hlutafjárfestinga. Möguleikar LV á því að ná 3,5% raunávöxtun til lengri tíma felast ekki síst í því að næg tækifæri gefist til arðsamra hlutabréfafjárfestinga hér á landi. Það má því ekki missa kjarkinn þó illa hafa farið í hruni sem vonandi reynist vera einstakt í sinni röð.

Í ljósi þessa er mikilvægt að halda til haga þeirri staðreynd að þegar litið er á raunávöxtun LV af allri íslenskri hlutabréfafjárfestingu sjóðsins frá upphafi þeirra árið 1980 og til ársloka - 2009 eftir að öll áhrif hrunsins voru komin fram – þá nemur raunávöxtun vegna íslenskra hlutabréfa 6.5% á ári.

Það er glæsilegur langtímaárangur sem gefur okkur hvatningu og kjark til að nýta þau tækifæri sem gefast til fjárfestinga í vænlegum íslenskum hlutabréfum í þágu hagsmuna sjóðsfélaganna.

Í skýrslu úttektarnefndar er víða fjallað um þörf á umbótum hjá lífeyrissjóðunum að því er varðar reglufestu og vinnubrögð, fjallað um eftirlitsþætti og setningu siðareglna og verklagsreglna varðandi fjárfestingar og ýmsa þætti í rekstri sjóðanna.

UMBÆTUR

Hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna hefur verið ráðist í þessar umbætur. Sumar hafa verið í framkvæmd um árabil, frá því fyrir hrun og aðrar hafa verið innleiddar á síðustu þremur árum. Ég nefni nokkur dæmi:

- Snemma árs 2009 fékk stjórn LV utanaðkomandi ráðgjafafyrirtæki til að meta starfsemi sjóðsins og koma með tillögur til umbóta. Jafnframt því réðst stjórnin í heildstæða stefnumótun sem hefur verið endurskoðuð árlega og leitt til margháttæðra aðgerða.
- Mótuð hefur verið og innleidd stefna um stóraukna upplýsingagjöf vegna starfsemi sjóðsins. Vefurinn hefur verið endurbættur og sérstakt starf kynningarfulltrúa hefur verið stofnað.
- Allt kynningar-og upplýsingaefni sjóðsins hefur verið endurmetið frá grunni.
- Starfsmannastefna hefur verið endurbætt með áherslu á þjálfun og endurmenntun.
- Boðið hefur verið upp á námskeið fyrir sjóðsfélaga um lífeyrisréttindi.
- Settar hafa verið ítarlegar siða-og samskiptareglur.

- Aðskilnaður milli innri og ytri endurskoðunar hefur verið aukinn.
- Skerpt hefur verið á reglum um endurskoðunarnefnd sjóðsins og hún er nú skipuð að meirihluta utanaðkomandi nefndarmönnum en einn kemur frá stjórn sjóðsins.
- Verklag við mótun fjárfestingarstefnu hefur verið yfirfarið og bætt.
- Settar hafa verið ýtarlegar verklagsreglur fyrir fjárfestingar sjóðsins.
- Starfsreglur framkvæmdastjóra hafa verið yfirfarnar, m.a. með tilliti til fjárfestingarheimilda.
- Þá er nú unnið að heildstæðri endurskoðun á áhættustefnu sjóðsins.

Þessi upptalning er ekki tæmandi enda er stöðugt unnið að því að bæta starfsemi sjóðsins í hvívetna og efla hann til þess að sinna því mikilvæga hlutverki að ávaxta fjármuni okkar sjóðsfélaganna og tryggja okkur hámarkslífeyri þegar þar að kemur.

Áfram verður unnið að stórum og smáum endurbótum vegna ábendinga frá stjórn, starfsmönnum, stjórnvöldum og einnig á grundvelli málefnalegra tillagna frá sjóðsfélögunum sjálfum því hér er um að ræða verkefni sem lýkur aldrei.

Góðir fundarmenn!

ÁLIT NEFNDAR VR

Þegar úttektarskýrsla LL lá fyrir skipaði VR þriggja manna nefnd til að fara yfir skýrsluna og leggja mat á niðurstöður hennar. Nefnd VR skilaði af sér með áliti um miðjan mars.

Rétt er að vekja athygli á því að engin önnur launþegasamtök eða aðilar á vinnumarkaði hafa ráðist í sjálfstæða skoðun á skýrslu úttektarnefndarinnar. Þannig má segja að meiri athygli hafi verið beint að LV en öðrum lífeyrissjóðum og er það gott út af fyrir sig og ætti að tryggja enn betur að heildarmyndin varðandi áhrif hrunsins á LV sé skýr og ótvíræð.

Ég get tekið undir flestar af meginniðurstöðum skýrsluhöfunda VR. Þó olli það vonbrigðum að þeir skyldu taka upp hráa tjónstölu nefndarinnar, 80 milljarða króna, þegar LV hefur ítrekað komið leiðréttri fjárhæð vegna hrunsins á framfæri, þ.e. 50 milljörðum króna, í fréttatilkynningum, blaðagreinum og á vef sjóðsins. Það hefði að minnsta kosti verið við hæfi að geta þeirra ábendinga sem við höfum komið með um það að hrunið á Íslandi hófst í október 2008 en ekki á nýjárstag það ár eins og ég hef rakið fyrir í máli mínu.

Nefnd VR velti upp 9 spurningum og svaraði þeim öllum með áliti sínu eftir að hafa reifað nokkur efnisatriði um hverja spurningu.

Mikilvægt er að nefndin telur ekki að reglur hafi verið brotnar hjá LV.

Nefndin leggur áherslu á innleiðingu verklagsreglna sem að mestu leiti hafa þegar verið innleiddar hjá sjóðnum.

Nefndin lýsir þeirri skoðun sinni á notkun gjaldmiðlavarnarsamninga að þeir hafi einkennst af „skammtímasjónarmiðum.“ Við erum ekki

sammála því mati og höfum fært rök fyrir því. Ljóst er að meðal fræðimanna eru skiptar skoðanir um það hvort lífeyrissjóðir eigi almennt að nota slíka samninga. Þar skiptast menn nokkuð í tvö lið og færa fram mismunandi rök.

Nefndin beinir í vissum tilvikum gagnrýni sinni að öðrum en lífeyrissjóðnum sjálfum. T.d. að þeim sem veittu sjóðnum hugsanlega rangar upplýsingar vegna viðskipta. Nefndin leggur beinlínis til að LV og aðrir lífeyrissjóðir ættu að íhuga málsókn á hendur þeim sem voru hugsanlega aðilar að rangri upplýsingagjöf til hluthafa, eigenda skuldabréfa og annarra hagsmunaaðila. Eins og áður hefur komið fram í ræðu minni eru slíkar hugmyndir einmitt til skoðunar af fullri alvöru.

Loks vil ég nefna að nefnd VR kemst að eftirfarandi niðurstöðu varðandi þá spurningu hvort skýrslan kalli á endurskoðun á skipan stjórnar LV:

„Ráðgjafanefnd tekur undir með skýrsluhöfundum RL um að settur verði hámarkstími á setu fulltrúa í stjórn LV. Ráðgjafanefndin sér ekki sterk rök í skýrslu RL sem hníga að því að breyta núverandi skipan stjórnar LV. Þá telur nefndin að engin veigamikil rök mæli gegn því að stjórnarmenn VR sitji í stjórn LV.“

Þessi niðurstaða er athyglisverð í ljósi allrar þeirrar umræðu sem spunnist hefur um stjórnir lífeyrissjóðanna og skipan þeirra. Ég tek undir með nefndinni varðandi það að ekki er bent á veigamikil rök í skýrslu RL sem hníga að breyttu fyrirkomulagi við skipan í stjórn LV.

Góðir fundarmenn!

LÆGSTU VEXTIR

Stjórn og starfsmönnum LV er ljóst að eitt af meginhlutverkum LV er að þjóna sjóðsfélögum. Með margháttuðum umbótum sem lýst var fyrr í ræðu minni hefur verið leitast við að auka þjónustu við sjóðsfélaga og bæta hana. Því verki lýkur aldrei. Við teljum okkur vera að koma til móts við sjóðsfélaga með því að hafa tekið forystu í lækkun vaxta á sjóðsfélagalánnum. Nýlega lækkaði LV verðtryggða fasta vexti niður í 3,90% úr 4,50% eða um 60 punkta. Með því býður sjóðurinn lægstu vexti af föstum lánnum allar lífeyrissjóða og mun lægri vexti en Íbúðarlánasjóður sem er með 4,70% fasta vexti um þessar mundir. Þá er LV einnig með lægstu breytilegu vextina sem eru nú 2,88% á verðtryggð lán. LV býður því best í báðum flokkum. Það skiptir okkur máli og við viljum að sjóðsfélagar í LV geti gegnið að því vísu að þeir njóti bestu vaxtakjara lífeyrissjóðanna hjá okkur og fái góða þjónustu hjá sjóðnum.

Ég verð þó að viðurkenna að það hefur valdið nokkrum vonbrigðum að þessi vaxtalækkun skuli ekki hafa vakið meiri athygli en raun ber vitni. Morgunblaðið gerði skilmerkilega grein fyrir henni en aðrir fjölmiðlar hafa lítið sem ekkert fjallað um þessa marktæku vaxtalækkun – einmitt á tímum þegar vextir og verðtrygging eru mjög til umræðu. Þá hefur ekki mikið farið fyrir umræðu um vaxtalækkun LV á vefsíðum og í bloggsamskiptum.

Það er e.t.v. dæmigert fyrir umræðuna í samfélaginu að frétt um bílaafnot framkvæmdastjóra sjóðsins vakti miklu meiri athygli og

umræðu en vaxtalækkunin. Framkvæmdastjórinn hefur heimild samkvæmt starfskjarasamningi að hafa bifreið til afnota á vegum sjóðsins. Hann valdi að nýta sér það ekki frá því hann var ráðin vorið 2009 fyrr en síðast liðið haust. Um bifreiðaafnot framkvæmdastjórans spunnust umræður í kjölfar fréttáflutnings sem leiddu til neikvæðrar umfjöllunar um lífeyrissjóðinn. Það var samdóma álit framkvæmdastjórans og stjórnar LV að ástæðulaust væri að skapa óróa um sjóðinn vegna þessa og því var umrædd bifreið seld og hefur nú enginn maður bifreið til afnota á vegum sjóðsins.

Rétt er að halda því til haga að það hefur víða tíðkast um árábil að framkvæmdastjórar eða helstu yfirmenn fyrirtækja, stofnana og opinberra aðila hafa haft bifreiðahlunnindi af þessu tagi sem þeir greiða skatta af í samræmi við skattalög og reglur. Það breytir ekki því að LV vill ekki skapa neikvæða umræðu um sjóðinn vegna mála af þessu tagi.

BARÁTTA FRAMUNDAN

Við teljum að framundan sé margháttuð barátta um raunveruleg stórmál sem varða framtíðarhagsmuni sjóðsins. Kröfur eru gerðar á hendur lífeyrissjóðunum úr ýmsum áttum. Í sumum tilvikum er verið að fara fram á að sjóðirnir bregðist við kröfum með hætti sem þeim er óheimilt samkvæmt lögum. Það á t.d. við hugmyndir um niðurfellingar á hluta sjóðsfélagalána þeirra sem eru í greiðsluferfiðleikum. Stjórnámálamenn hafa valið að tala um að lífeyrissjóðirnir séu þverir og staðir þegar kemur að lausnum af þessu tagi. Það gera þeir til að beina

athyglinni frá eigin vandræðagangi við að finna lausnir á vanda fólks. Staðreyndin er sú að lífeyrissjóðir hafa engar lagaheimildir til að fella niður kröfur sem mögulegt er að innheimta. Það telst vera ráðstöfun á lífeyrissparnaði sjóðsfélaganna sem er óheimil skv. lögum og teldist lögbrot.

Hugmyndir um afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga hafa verið talsvert til umræðu að undanfögnu enda er ljóst að verðtrygging hefur leikið fjölda fólks og fyrirtækja grátt í verðbólgu undanfarinna ára og áratuga. Afnám verðtryggingar myndi hafa gífurleg áhrif á stöðu lífeyrissjóðanna enda er stór hluti eigna þeirra verðtryggður í íslenskum krónum. Þeir sem tala fyrir afnámi verðtryggingar verða samhliða að taka afstöðu til þess hvort eigi þá samtímis að hætta að hafa lífeyri úr lífeyrissjóðum verðtryggðan því það gengur einfaldlega ekki upp að hætta að verðtryggja eignir lífeyrissjóðanna nema þá að hætta jafnframt að verðtryggja lífeyri. Það er engin einföld lausn til í þessu efni því verðtrygging skuldbindinga er forsenda þess að lífeyrir okkar sjóðsfélaganna geti verið verðtryggður.

Þá er rétt að minna á að stjórnámálamenn hafa sýnt lífeyrissjóðunum sífellt aukinn áhuga eftir hrun. Það er illt viti. Hvers vegna skyldi það vera?

Jú, flestar fjármálastofnanir hrundu til grunna en 80% af lífeyrissjóðakerfinu stóð eftir og hefur verið að ná fyrri styrk jafnt og þétt. Þess vegna er jafnan litið til lífeyrissjóðanna þegar vantar fjármuni til framkvæmda eða fjárfestinga því þeir eru vandfundnir hjá öðrum. Þetta getur auðvitað verið í lagi ef lífeyrissjóðirnir geta komið að málum með eðlilegum hætti og átt þess kost að ná viðunandi

arðsemi án þess að áhætta sé óforsvaranleg. Þá getur það verið allra hagur og þannig hefur verið unnið að ýmsum verkefnum.

Það sem ber að varast eru hugmyndir stjórnámálanna um skattlagningu eins og við fengum að sjá í lok síðasta árs sem þó er nú vonandi verið að draga til baka og ekki síður hugmyndir um að skattleggja lífeyri sjóðsfélaganna fyrirfram sem væri hið mesta óráð.

Marga stjórnámálamenn – bæði í stjórn og stjórnarandstöðu – dreymir um að komast yfir fjármuni lífeyrissjóðanna. Ekki gleyma því að lífeyrissjóðirnir skiptast í meginatriðum í tvö mismunandi kerfi. Þ.e. frjálsa kerfið sem við erum hluti af og þurfum að bera ábyrgð á árangri með þeim hætti að réttindi markast af því hvernig til tekst sem getur leitt til skerðinga á réttindum ef illa árar. Svo hins vegar opinbera kerfið sem er ríkistryggt. Það kerfi er í mínus upp á 500 milljarða króna og við skattgreiðendur berum ábyrgð á þeim halla. Stjórnámálamenn bera ábyrgð á því kerfi með þeirri löggjöf sem um það gildir – og þeir eru reyndar allir sjóðsfélagar þar og þurfa ekki að taka við neinum skerðingum þegar á móti blæs.

Við stjórnámálamennina segi ég: Leysið fyrst vanda opinbera lífeyriskerfisins áður en þið farið að bjóða fram aðstoð ykkar við að móta almenna kerfið og segja okkur fyrir verkum sem erum sjóðsfélagar og eigum þessi réttindi.

Góðir fundarmenn!

TÆKIFÆRI

Þrátt fyrir gjaldeyrishöft og doða á ýmsum sviðum atvinnulífs og vinnumarkaðar, eigum við möguleika á að ná góðum árangri í rekstri LV. Við eigum að geta náð 3,5% raunávöxtun sem er sú viðmiðun sem kerfið hvílir á. Til þess þurfum við að fá tækifæri til fjárfestinga sem yrðu nýtt á ábyrgan og árangursríkan hátt. Við væntum þess að gjaldeyrishöft verði afnumin í áföngum og að tilslakanir gagnvart fjárfestingum lífeyrissjóða erlendis hefjist sem fyrst. Raunvextir fara lækkandi á markaði og það er staðreynd sem verður að horfast í augu við en tækifærin liggja ekki síst í því að unnt verði að fjárfesta í öflugum innlendum fyrirtækjum sem koma á markað og verða mörg hver skráð á Kauphöllinni. Við höfum þegar góð og árangursrík dæmi og þeim dæmum þarf að fjölga hratt. Von er á áhugaverðum fyrirtækjum á markað sem LV mun skoða hvort vænleg fjárfestingartækifæri felist í. Allt verur metið af yfirvegun og með gagnrýnum huga og einungis fjárfest ef sérfræðingar okkar telja verðlagningu sanngjarna og að ávinningsvon sé góð fyrir sjóðinn.

Nefna má allmörg fyrirtæki sem LV mun fylgjast með og gætu komið á markað á næstu mánuðum og missirum: TM, Eimskip, Advania, N-1 olíufélag, Grandi, VÍS, Vodafón, bankarnir, fasteignafélög, Síminn, auk annarra fyrirtækja í sjávarútvegi, almennum iðnaði, stóriðju, verslun og ferðaþjónustu. Og það hlýtur að koma til alvarlegrar skoðunar að ríkissjóður selji hluta af öflugum fyrirtækjum í ríkiseign, svo sem Landsvirkjun, Landsnet, Rarik, Fríhöfnina og Flugstöðina í Keflavík.

Hér er auðvitað verið að tala um að lífeyrissjóðir geti hugsanlega fjárfest í hlutabréfum í einhverjum þessara fyrirtækja með öðrum fjárfestum. Hugsunin er alls ekki sú að þeir eigi að eignast fyrirtækin

eins og stundum er talað um þegar lífeyrissjóðir eru gagnrýndir fyrir að kaupa hluti í íslenskum fyrirtækjum.

Vissulega er vandlifað í smáu samfélagi hvað þetta varðar en sjóðirnir voru gagnrýndir fyrir að taka ekki þátt í að endurreisa samfélagið eftir hrun en þegar þeir stíga fram og fjárfesta eru þeir einnig gagnrýndir fyrir að gerast þátttakendur.

Lífeyrissjóðirnir verða að hafa kjark til að fjárfesta þar sem tækifærin gefast ef þau eru vænleg til árangurs út frá hagsmunum sjóðsfélaganna.

STÖNDUM VÖRÐ UM LV

Að lokum þetta: Þrátt fyrir þau áföll sem hafa dunið yfir er íslenska lífeyrissjóðakerfið eitt það öflugasta á Vesturlöndum þegar litið er á stærð þess sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Einungis Sviss og Holland standa okkur framar. Við getum verið stolt af lífeyrissjóðum okkar Íslendinga og maður vill ekki hugsa þá hugsun til enda hvernig hér væri ástatt ef við hefðum ekki haft þetta öflugkerfi til að byggja á þegar hrikki í stoðum samfélagsins árið 2008 og margt hrundi til grunna en lífeyrissjóðirnir brotnuðu ekki.

Við skulum standa vörð um Lífeyrissjóð verslunarmanna og þar með hagsmuni okkar sjóðsfélaganna. Við skulum hvorki láta niðurrifstal né ásælni stjórnámálanna skaða hagsmuni sjóðsins og þar með okkar sjálfra og 130.000 annarra sem treysta á lífeyri úr sjóðnum þegar sá tími rennur upp. Takk fyrir.